

Nd.

840. Nefndarálit

[360. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt. Minni hl. bendir hins vegar á að með ákvæðum frumvarpsins á að breyta í grundvallaratriðum skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Nú er óheimilt að tollafgreiða vörur nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggja fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða hún tryggð með öðrum hætti, t.d. með lántöku eða greiðslufresti. Engin rök eru flutt fyrir nauðsyn þessarar breytingar. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja eðlileg tengsl gjaldeyris- og innflutningsyfirvalda í þessum efnunum.

Undirritaður telur frumvarpið því óþarft og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 11. mars 1987.

Svavar Gestsson.